

Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019.

(Lögð fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Alþingi ályktar skv. 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, að samþykkja eftirfarandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2016–2019:

A. STJÓRNSÝSLAN

1. Jafnréttissjóður Íslands.

Varið verði 100 millj. kr. af fjárlögum árlega til Jafnréttissjóðs Íslands. Jafnréttissjóður Íslands skal fjármagna eða styrkja verkefni sem eru til þess fallin að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi og á alþjóðavísu. Stjórn Jafnréttissjóðs Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki og úthlutar þessu fé í samræmi við þingsályktun 13/144.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 100 millj. kr. á ári.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

2. Framkvæmdasjóður jafnréttismála.

Varið verði 30 millj. kr. samtals af fjárlögum tímabundið til þriggja ára, 2017–2019, 10 millj. kr. árlega, til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs verkefna í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Velferðarráðuneytið úthluti þessu fé að fengnum tillögum annarra ráðuneyta. Viðmið við úthlutun verði kynnt ráðuneytum fyrir árslok 2016.

Tímaáætlun: 2017–2019.

Kostnaðaráætlun: 30 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

3. Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins, ráðuneyta og stofnana.

Jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins sem gerð er í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, og jafnréttisáætlanir einstakra ráðuneyta verði endurskoðaðar á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Við endurskoðun jafnréttisáætlana verði tekið mið af jafnréttissáttmála *UN Women* og *UN Global Compact*. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafi umsjón með endurskoðun og eftirfylgni jafnréttisáætlana í umboði ráðuneytisstjóra og í samstarfi við Jafnréttisstofu.

Tímaáætlun: Árslok 2016.

Kostnaðaráætlun: Rúmast innan fjárheimilda ráðuneytanna.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta og velferðarráðuneytið.

4. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna vinni að kynjasambættingu á málefnasviði hlutaðeigandi ráðuneytis. Enn fremur fjalli jafnréttisfulltrúar um jafnréttisstarf og hafi eftirlit með jafnréttisstarfi á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Þar á meðal komi þeir að gerð og endurskoðun jafnréttisáætlana ráðuneyta og gæti þess að allar skýrslur og rannsóknir sem gerðar eru á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis eða stofnana séu kyngreindar.

Jafnréttisfulltrúar afli sér þekkingar á sviði jafnréttismála og starfi eftir samþykktari starfs- og fræðsluáætlun.

Starf jafnréttisfulltrúa feli m.a. í sér:

- Að útbúa starfsáætlun jafnréttisfulltrúa allra ráðuneyta með mælikvörðum sem verði tilbúnir innan hálfis árs frá gildistöku framkvæmdaáætlunarinnar.
- Að fylgja eftir verkefnum framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og skila framvinduskýrslum til Jafnréttisstofu. Gera skal grein fyrir stöðu verkefna í skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð er fyrir Jafnréttisþing sem haldið er annað hvert ár.
- Að móta heildstæða áætlun um sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins.
- Að vinna að samræmingu á rafrænni skráningu ráðuneytanna á skipan í nefndir, ráð og stjórnir til að auðvelda eftirlit með 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 1 millj. kr. til fræðslu jafnréttisfulltrúa og 300 þús. kr. til aðlögunar tölvukerfis.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

5. Sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna móti í samstarfi við Jafnréttisstofu og undir forystu velferðarráðuneytisins heildstæða áætlun til fjögurra ára um sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins. Skipuð verði formlega verkefnisstjórn um verkefnið sem gert verði kleift að ráða sér starfsmann.

Áætlunin taki mið af þeim sambættingarverkefnum sem þegar hafa verið unnin í ráðuneytunum, m.a. í tengslum við fyrri framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og áætlanir um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð.

Í áætluninni felist m.a.:

- Tillögur um innleiðingu kynjasambættingar í starfsemi ráðuneytanna og stofnana ríkisins.
- Tillögur um verkefni á málefnasviði hvers ráðuneytis sem tilraunaverkefni fyrsta árið og síðan ný verkefni á hverju ári.
- Tillögur um gátlista um jafnréttismál sem fylgi stjórnarfrumvörpum og innleiðingu verkferlis við jafnréttismat.
- Tillögur um fyrirliggjandi kyngreindar upplýsingar til stuðnings stefnumörkun og ákvörðunum. Greint verði á hvaða sviðum reglulegri upplýsingaöflun er ábótavant og úrbætur gerðar.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr. til framkvæmdar verkefna auk launa sérfræðings.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

6. Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð.

Unnið verði að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð samkvæmt innleiðingaráætlun til fimm ára. Fjármála- og efnahagsráðuneytið beri ábyrgð á verkefninu og skal því stýrt af verkefnisstjórn sem skipuð er fulltrúum allra ráðuneyta auk fulltrúa Jafnréttisstofu. Gerð verði grein fyrir stöðu verkefna í fjárlagafrumvarpi hvers árs. Verkefnisstjóri geri tillögur um eftirfylgni innleiðingaráætlunar með mælikvörðum fyrir öll ráðuneyti og vinni í nánú samstarfi við verkefnisstjórn um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða.

Tímaáætlun: Viðvarandi verkefni.

Kostnaðaráætlun: Laun sérfræðings í hálfu starfi.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

7. Úttekt á jafnréttislögum og stjórnýslu jafnréttismála.

Skipaður verði starfshópur sérfræðinga sem stýri úttekt á þróun, framkvæmd og eftirfylgni íslenskrar jafnréttislöggjafar og stjórnýslu jafnréttismála. Kannað verði hvort markmið nágildandi laga og stjórnýsla jafnréttismála sé í samræmi við alþjóðlega þróun og breytingar í íslensku samfélagi. Starfshópur skili skýrslu til ráðherra um niðurstöður sínar og leggi fram tillögur um úrbætur.

Tímaáætlun: 2016–2018.

Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

B. VINNUMARKAÐUR – LAUNAJAFNRÉTTI KYNJA

8. Jafnrétti á vinnumarkaði og launajafnrétti kynja.

Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði áfram unnið að framkvæmd og eftirfylgni þeirra verkefna sem tilgreind eru í aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynja. Í lok 2016 verði metið hvort verkefni aðgerðaáætlunarinnar hafi náð markmiðum sínum. Verkefni á sviði launajafnréttismála feli m.a. í sér eftirfarandi:

- a. Skipunartími framkvæmdanefndar um launajafnrétti verði framlengdur til 2019.
- b. Unnið verði að útbreiðslu og innleiðingu staðalsins ÍST 85:2012, jafnlaunakerfi, kröfur og leiðbeiningar.
- c. Fram fari markvisst kynningarstarf á faggildri vottun jafnlaunakerfa samkvæmt reglugerð nr. 929/2014, um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.
- d. Velferðarráðuneytið safni upplýsingum um vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana og birti yfirlit í skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála sem gefin er út annað hvert ár.
- e. Rannsóknarverkefnum aðgerðahóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti verði fylgt eftir með vitundar- og kynningarátaki stjórnvalda um aðgerðir gegn kynbundnum launamun.
- f. Ríkisstjórnin samþykki að halda árlega jafnlaunadag sem nýttur verði til vitundarvakningar um jafnlaunamál og jafnrétti á vinnumarkaði.

- g. Unnin verði framkvæmdaáætlun um leiðir til að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval. Sérstaklega verði hugað að því að fjölga konum í iðngreinum, verk- og raunvísindum og körlum í umönnunar- og kennslustörfum.
- h. Unnin verði framkvæmdaáætlun um leiðir til samræmingar fjölskyldu- og atvinnulífs.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 7 millj. kr. árlega.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

9. Fæðingarorlof.

Megintillögur starfshóps að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum verði nýttar sem leiðarljós við endurreisn fæðingarorlofskerfisins. Unnið verði að því að brúa bili milli fæðingarorlofs og leikskólavistar.

Tímaáætlun: 2016–2021.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

10. Lánatryggingasjóður kvenna.

Starfsemi Svanna – lánatryggingasjóðs kvenna verði framhaldið. Markmið sjóðsins verði áfram að styðja nýsköpun í atvinnurekstri kvenna með því að veita ábyrgðir á lánunum. Verkefnið verði unnið í samstarfi við fjármálastofnanir og aðila sem veita ráðgjöf og handleiðslu við framkvæmd verkefna.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 60 millj. kr. Fjármagn er til í sjóði.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samstarfi við Reykjavíkurborg.

C. KYN OG LÝÐRÆÐI

11. Kyn og fjölmiðlar.

Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar beiti mennta- og menningarmálaráðuneytið sér fyrir framkvæmd könnunar á aðgengi og birtingarmyndum kvenna og karla, stúlkna og drengja í fjölmiðlum og vinni að stefnumótun á þessu sviði.

Verkefnið felist m.a. í eftirfarandi:

- Að kanna aðgengi kvenna og karla að mismunandi fjölmiðlaefni.
- Að kanna hvort og þá hvernig umfjöllun um konur og karla sé lituð af staðalmyndum um kynhlutverk.
- Að kanna umfang og eðli kynbundinnar hatursorðræðu í fjölmiðlum.
- Að vinna að stefnumótun og vitundarvakningu meðal fjölmiðla.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr. með fyrirvara um að fjárframlög fái til verkefnisins.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

12. Greining á stöðu flóttamanna og hælisleitenda út frá kyni og jafnrétti kynja.

Innanríkisráðuneytið beri á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar ábyrgð á framkvæmd rannsóknar um stöðu hælisleitenda og flóttamanna út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum.

Verkefnið felist m.a. í eftirfarandi:

- a. Að kanna hvort fullnægjandi tillit sé tekið til jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða í íslenskri löggjöf og framkvæmd, m.a. með hliðsjón af kyni, kynhneigð eða kynimynd, viðkvæmum einstaklingum, þolendum ofbeldisbrota og mansals.
- b. Að setja fram tillögur að úrbótum til að tryggja hælisleitendum og flóttamönnum sanngjarna málsmeðferð og viðeigandi vernd.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 3,5 millj. kr.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

D. KYNBUNDIÐ OFBELDI OG OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

13. Samstarfsverkefni þriggja ráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi.

Velferðarráðuneytið hafi yfirumsjón með samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Markmið verkefnisins verði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og að styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Auk samvinnu milli stofnana verði rík áhersla lögð á samvinnu við fjáls félagasamtök.

Verkefnið feli m.a. í sér:

- a. Að efna til samráðs á landsvísu með það að markmiði að bæta samvinnu og verklag við ofbeldisforvarnir og styrkja samstarf við rannsókn mála.
- b. Að undirbúa á vettvangi landssamráðsins aðgerðaáætlun til fjögurra ára.
- c. Að efla getu og hæfni lögreglu við uppljóstrun ofbeldisbrota svo tryggja megi skjóta og örugga málsmeðferð.
- d. Að auka þjálfun og menntun innan réttarvörslukerfisins.
- e. Að styrkja velferðarþjónustuna við að veita þolendum ofbeldis uppbyggilegan stuðning og vernd.
- f. Að veita gerendum ofbeldis aðstoð við að horfast í augu við vanda sinn og takast á við hann svo draga megi úr ofbeldi.
- g. Að auka fræðslu- og forvarnastarf sem byggist á rannsóknum og faglegri þekkingu.

Tímaáætlun: 2016–2018.

Kostnaðaráætlun: 4 millj. kr.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

14. Heimilisfriður.

Meðferðarúrræði fyrir einstaklinga sem beita ofbeldi í nánnum samböndum, sem sálfræðingar hafa veitt um árabíl samkvæmt samningi við stjórnvöld, verði endurskoðað á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar. Endurskoðun hafi að markmiði að verkefnið bjóði upp á sérhæfða þjónustu fyrir konur og karla sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum. Eftt verði til útboðs um þjónustuna á grundvelli kröfulýsingar og í framhaldi verði gerður þjónustusamningur til reynslu í tvö ár. Í þjónustusamningi skal m.a. gerð krafa um sérþekkingu starfsfólks á málaflokknum, reglulega miðlun upplýsinga til ráðuneytisins og möguleika á bæði einstaklings- og hópmeðferð.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 12 millj. kr. árlega í fjögur ár.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

E. JAFNRÉTTI Í SKÓLASTARFI

15. Jafnrétti í skólastarfi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar yfirmun sjón með eftirfarandi verkefnum:

- Eflingu jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum þar sem áhersla verði lögð m.a. á jöfn tækifæri til starfsnáms.
- Að jafna þátttöku kynja í félagslífi framhaldsskólanna.
- Að koma á samstarfi við jafnréttisnefnd Kennarafélags Íslands um leiðir til að efla jafnréttisstarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
- Að efla samstarf jafnréttisfulltrúa íslenskra háskóla með árlegum fræðslufundum sem ráðuneytið sjái um.
- Framkvæmd rannsóknar á stöðu kynjamenningar í háskólum.
- Gerð aðgerðaáætlunar gegn mismunun og staðalmyndum í háskólasamfélaginu.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 7,5 millj. kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

16. Jafnrétti við úthlutanir úr sjóðum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í framhaldi af tilraunaverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð um útteilingu fjármagns úr opinberum samkeppnissjóðum verði niðurstöðum fylgt eftir, m.a. með því að breyta umsóknar- og vinnureglum sjóðanna til að gæta jafnréttis og uppfylla kröfur um jafnt aðgengi kynja að fjármagni. Jafnframt verði unnið að því að tryggja jafnt aðgengi kvenna og karla að listamannalaunum og úthlutunum úr Kvikmyndasjóði.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 1,5 millj. kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

17. Þátttaka kvenna í íþróttastarfi.

Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði þátttaka kvenna í íþróttum efl. Aðgerðir miði að því að konur hætti síður iðkun íþróttá unglingsárum, taki þátt í stjórnnum íþróttafélaga til jafns við karla, verði virkari sem þjálfarar og dómara sem og í öllu íþróttastarfi. Umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum verði skoðuð.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 2 millj. kr.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

F. KARLAR OG JAFNRÉTTI

18. Karlar og jafnrétti.

Tillögum nefndar um karla og jafnrétti sem skipuð var á grundvelli framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum 2011–2014 verði hrint í framkvæmd. Markmið stefnumótunar og verkefna verði að auka hlut drengja og karla í öllu jafnréttisstarfi og að kanna hvernig stefnumótun á sviði jafnréttismála geti betur tekið mið af samfélagslegri stöðu karla. Skipa skal formlega aðgerðahóp um verkefnið. Með hópnum starfi sérfræðingur á sviði jafnréttismála í velferðar-ráðuneytinu.

Helstu verkefni á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar felist m.a. í eftirfarandi:

- Að kanna hvernig auðvelda megi körlum samhæfingu ábyrgðar á fjölskyldu- og atvinnulífi.
- Að efna til vitundarvakningar um áhrif karlmennskuhugmynda á heilsu og lífsgæði karla. Hugað verði sérstaklega að því hvort karlar fari á mis við þjónustu í heilbrigðiskerfinu.
- Að rannsaka áhrif staðalmynda og karlmennskuhugmynda á náms- og starfsval drengja.
- Að kanna tengsl milli námsvals og brottfalls drengja úr framhaldsskólum og háskólum.
- Að mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúi og hrindi í framkvæmd sérstöku átaksverkefni með það að markmiði að fjölga körlum í umönnunar- og kennslustörfum á grundvelli framkvæmdaáætlunar um uppbrot hins kynskipta vinnumarkaðar.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: 3 millj. kr. árlega í þrjú ár.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

19. Þátttaka karla í jafnréttismálum.

Utanríkisráðuneytið leggi áherslu á hlutverk karla í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi.

Í því felist m.a. eftirfarandi:

- Að haldnar verði rakarastofuráðstefnur hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að í þeim tilgangi að fá karla til að axla ábyrgð á kynjajafnrétti.
- Að halda uppi málflutningi af hálfu Íslands um þetta málefni hjá alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að og í tvíhliða samskiptum við önnur ríki.
- Að hvetja íslenska karlmenn til að taka undir markmið HeforShe-herferðar UN Women í samræmi við skuldbindingar Íslands í IMPACT-átaki UN Women.
- Að efla samvinnu innan íslenska stjórnkerfisins og við frjáls félagasamtök.

Tímaáætlun: 2016–2017.

Kostnaðaráætlun: 6 millj. kr.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið.

G. ALÞJÓÐASTARF

20. Staða jafnréttismála á norðurslóðum.

Umræða um jafnréttismál á norðurslóðum verði eflað og kastljósinu beint að stöðu kvenna og karla þar.

Helstu verkefni á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar felist m.a. í eftirfarandi:

- Eftirfylgni alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var í október 2014, á vegum utanríkisráðuneytisins, í samvinnu við Jafnréttisstofu, norðurslóðanet Íslands og samstarfsríki innan Norðurskautsráðsins, um stöðu kynjanna á norðurslóðum.
- Stofnun alþjóðlegs samstarfsnets um jafnréttismál á norðurslóðum og uppsetningu vefgáttar til að tengja saman ólíka hagsmunaaðila.
- Að Ísland leggi áfram áherslu á jafnréttismál á vettvangi Norðurskautsráðsins á komandi árum sem byggist á niðurstöðum fyrrnefndrar ráðstefnuskýrslu.

Tímaáætlun: 2016–2017.

Kostnaðaráætlun: Að fullu fjármagnað.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið.

21. Kyn og loftslag.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og utanríkisráðuneytið fylgi eftir áherslum um mikilvægi kynjasjónarmiða í nýju alþjóðlegu samkomulagi um loftslagsmál.

Verkefnið felist m.a. í eftirfarandi:

- Að lögð verði áhersla á að alþjóðleg verkefni á sviði þróunarsamvinnu, sem Ísland veitir fjármagn til á sviði loftslagsmála, stuðli að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna.
- Að samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða verði gætt við úthlutun fjármagns til verkefna á sviði loftslagsmála.

Tímaáætlun: 2016–2019.

Kostnaðaráætlun: Að fullu fjármagnað.

Ábyrgð: Utanríkisráðuneytið.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt 11. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, hefur félags- og húsnæðismálaráðherra lagt fram sjöttu framkvæmdaáætlun íslenskra ríkisstjórna til að ná fram jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á Íslandi. Fyrsta áætlunin var lögð fram í samræmi við ný jafnréttislög frá árinu 1985 en þau voru samþykkt við lok kvenna-áratugar Sameinuðu þjóðanna 1976–1985 og byggðust m.a. á samþykktum kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdaáætlunum er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem ýmist varpa ljósi á stöðu kynjanna eða fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Er áætlunin lögð fram að fengnum tillögum ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs, auk þess sem hliðsjón skal höfð af umræðum á jafnréttisþingi, sbr. 10. gr. laganna. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum skal fela í sér verkefni sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi.

Jafnréttisþing var haldið í fjórða skipti 25. nóvember 2015. Tillögu þessari um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2016–2019 fylgir *skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2013–2015* sem lögð var fyrir jafnréttisþingið.

Í nýjustu skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) sem birt var 19. nóvember 2015 kemur fram að jafnrétti kynja er hvergi meira en á Íslandi miðað við aðferðafræði ráðsins. Ísland er í fyrsta sæti lista ráðsins, sjöunda árið í röð. Myndin sem dregin er upp af stöðu kynjajafnréttis hér á landi í úttekt ráðsins segir þó ekki alla söguna. Í úttektinni er ekki spurt um vinnutíma, álag í starfi, skiptingu heimilisstarfa eða ábyrgð á uppeldi barna og umönnun aldraðra þótt framangreindir þættir hafi mikil áhrif á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Kvarðinn sem notaður er byggist á einföldum skýringar-breytum sem gefa ekki rétta heildarmynd af stöðu kvenna og karla. Með tilliti til stöðu Íslands í efsta sæti listans er til að mynda athyglisvert að líta til kynjaskiptingar starfa á vinnumarkaði. Afleiðingar hennar eru m.a. þær að hlutfallslega fáar konur gegna stjórnunarstöðum á íslenskum vinnumarkaði og starfsþróunarmöguleikar kvenna virðast almennt minni en karla. Mælikvarði Alþjóðaefnahagsráðsins nær því ekki að skýra valdaójafnvægi milli kvenna og karla á vinnumarkaði og í forystu atvinnulífsins og því óhætt að staða Íslands í efsta sæti lista ráðsins gefi ekki tæmandi mynd um stöðu jafnréttismála á Íslandi.

Hér á landi ríkir formlegt kynjajafnrétti. Konur og karlar búa við lagalegt jafnrétti og í samanburði við það sem gerist víða annars staðar í heiminum hafa á undanförunum áratugum verið stigin stór skref til jafnrar stöðu kynjanna á Íslandi. Til framfaraskrefa á sviði jafnréttismála má nefna verulega fjölgun kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnnum landsins. Lagabreytingar hafa verið samþykktar sem ætlað er að tryggja áhrif kvenna í stjórnnum fyrir-

tækja og í atvinnulífi og styrkja baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi, vændi og mansali. Velferðarkerfi sem styður þátttöku á vinnumarkaði og atvinnuhættir sem þarfnast mikils vinnuafns hafa skapað góð tækifæri fyrir hátt atvinnustig bæði karla og kvenna. Hvergi á Vesturlöndum er hlutfall kvenna á vinnumarkaði hærra en á Íslandi. Á árinu 2014 var atvinnuþátttaka kvenna á aldrinum 16–74 ára 78,2% en annars staðar á Norðurlöndunum mælist hún rétt um 70 af hundraði. Einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað er mikil kynjaskipting starfa. Konur og karlar gegna ólíkum störfum og kynbundið námsval og kynjaskipting milli starfsgreina er enn mjög áberandi. Þá eru karlar, eins og áður sagði, ofar í valdastigum atvinnulífsins en konur. Á undanförunum árum hefur dregið saman með kynjunum í launum og kynbundinn launamunur minnkar ár frá ári.

Staðan á vinnumarkaði sýnir að enn er langt í land á sviði jafnréttismála. Í íslenskri löggjöf hefur allt frá því að fyrstu jafnréttislögin voru samþykkt árið 1976 verið lögð mikil áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði. Með áherslunni á vinnumarkaðinn var lítið svo á að atvinnuþátttaka og efnahagslegt sjálfstæði kvenna væri forsenda framþróunar jafnréttis á öðrum sviðum samfélagsins. Í því ljósi er athyglisvert hversu erfitt hefur reynst að brjóta upp kynjaskiptingu starfa, tryggja launajafnrétti og jafna völd og áhrif kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Þessi þversögn sem hér er lýst er að mati fræðimanna á Norðurlöndum einkennandi fyrir norrænu velferðarkerfin sem, þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna, hefti möguleika þeirra til valda og áhrifa og viðhaldi kynjaskiptingu starfa á vinnumarkaði. Stjórnvöld hafi lagt of mikla áherslu á að auðvelda konum samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs með auknum sveigjanleika á vinnumarkaði á meðan of lítið hafi verið gert til að auka starfsþróunarmöguleika kvenna og jafna völd og áhrif kynjanna í atvinnulífinu. Stjórnvaldsaðgerðir, eins og fæðingarorlof, dagvistunarúrræði fyrir börn og ríkt framboð hlutastarfa á opinberum vinnumarkaði, hafi vissulega tryggt mikla atvinnuþátttöku kvenna en hafi í raun fest í sessi hefðbundnar hugmyndir um umönnunarhlutverk kvenna. Mikilvægt sé að horfa til breytinga á samfélagslegri stöðu karla og hvetja til aukinna afskipta þeirra af umönnun barna og heimilisstörfum.

Áfangasigrar í jafnréttisbaráttunni hafa vissulega fært konum aukin samfélagsleg völd á þeim rúmlega 100 árum sem liðin eru frá því að þær fengu kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. En víða er mikið verk að vinna. Aðgreining starfa í sérstök karla- og kvennastörf á stóran þátt í launa- og aðstöðumun kynjanna en leiða má líkum að því að aðgreining milli kynja hefjist strax á leikskólastigi. Hún er síðan enn til staðar í mismunandi námsvali á framhalds- og háskólastigi og að lokum í atvinnulífinu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að uppræta úreltar staðalmyndir sem virðast enn vera miklir örlagavaldar í lífi og starfi þeirra kynslóða sem nú vaxa úr grasi.

Kynjajafnrétti snýst ekki um að allir séu greyptir í sama mót, heldur að fólk fái tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum, óháð kyni. Þrátt fyrir hátt í 40 ára gamla löggjöf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla virðist kynferði enn takmarka frelsi einstaklinga. Íslendingar geta vissulega verið stoltir af því að verma efsta sætið á lista sem mælir kynjabil á alþjóðavísu en mikilvægt er að vera meðvituð um að í samfélaginu ríkir enn valdaójafnvægi sem ekki eru gerð fyllileg skil í úttekt Alþjóðaefnahagsráðsins.

Margt er enn óunnið og er þessari framkvæmdaáætlun ætlað að ná utan um brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttis enda þótt ekki sé um að ræða tæmandi talningu á verkefnum sem brýn eru á þessu sviði. Framkvæmdaáætlunin skiptist að þessu sinni í sjö kafla og er þar kynnt 21 verkefni sem áætlað er að framkvæma á gildistíma hennar. Er þessu fyrirkomulagi ætlað að tryggja að áherslur og forgangsöröðun stjórnvalda á sviði jafnréttismála birtist með skýrum hætti í framkvæmdaáætluninni. Fyrst ber að nefna

átak um sambættingu jafnréttissjónarmiða við alla ákvörðunartöku og stefnumótun í stjórnkerfinu í samræmi við jafnréttislög og áherslu á kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Gerð er tillaga um úttekt á jafnréttislögum og stjórnsýslu jafnréttismála þar sem kannað verði hvort markmið nügildandi laga og stjórnsýslu jafnréttismála sé í samræmi við alþjóðlega þróun og breytingar í íslensku samfélagi.

Á gildistíma áætlunarinnar verði áfram unnið að framkvæmd og eftirfylgni þeirra verkefna sem tilgreind eru í aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynja og árangur þeirra metinn. Mikilvægt er að tryggja innleiðingu staðalsins ÍST-85:2012, jafnlaunakerfi, kröfur og leiðbeiningar og að fram fari markvisst kynningarstarf á faggiltri vottun jafnlaunakerfa samkvæmt reglugerð um vottun jafnlaunakerfa fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins. Lögð er áhersla á verkefni sem vinni gegn staðalmyndum kynjanna í fjölmiðlum og auknum hlut kvenna í fjölmiðlum og kvikmyndum. Nýlegar rannsóknir sýna að konur og karlar birtast ekki í jöfnum hlutföllum í fjölmiðlum og sú mynd sem dregin er upp af konum endurspeglar hvorki fjölda þeirra á vettvangi stjórn mála, í forystu atvinnulífsins né hátt menntunarstig íslenskra kvenna. Kynjaskekkju gætir einnig meðal fréttamanna og fjölmiðlafólks og konur eru í minni hluta þeirra sem taka stefnumótandi ákvarðanir í fjölmiðlum þar sem þær eru enn í minni hluta stjórnenda og eigenda miðlanna. Kynjuð og stöðluð framsetning um konur og karla og hlutverk þeirra vinnur gegn markmiði okkar um aukið jafnrétti og það gera líka auglýsingar sem birta snyrtar og afbakaðar ljósmyndir af konum og körlum og bjóða stúlkum og drengjum upp á takmarkað úrval fyrirmynda. Framsetning fjölmiðla hefur m.a. áhrif á vaxandi klámvæðingu í öllum miðlum og því mikilvægt að hið opinbera vinni gegn framsetningu á stöðluðum hlutverkum kynjanna í samfélaginu. Sérstök áhersla er einnig lögð á menntir og kynin í þessari framkvæmdaáætlun. Lagt er til að jafnréttisfræðsla verði eflt á öllum skólastigum og að ríkari áhersla verði lögð á jöfn tækifæri til starfsnáms. Þá er ráðgert að framkvæma rannsókn á stöðu kynjamenningar í háskólum og vinna aðgerðaáætlun gegn mismunun og staðalmyndum í háskólasamfélaginu. Á gildistíma áætlunarinnar er einnig lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið beiti sér fyrir aðgerðum til að efla hlut stúlkna og kvenna í íþróttum. Aðgerðir skulu miða að því að konur hætti síður iðkun íþróttar og verði virkari þátttakendur í öllu íþróttastarfi.

Í framkvæmdaáætluninni er í fyrsta skipti sérstakur kafli um karla og jafnrétti. Markmið stefnumótunar og verkefna er að auka hlut drengja og karla í öllu jafnréttisstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi, sem og að kanna hvernig öll stefnumótun á sviði jafnréttismála geti betur tekið mið af samfélagslegri stöðu karla. Lagt er til að tillögum starfshóps um karla og jafnrétti sem skilaði skýrslu til velferðarráðherra árið 2013 verði hrint í framkvæmd.

Ríkisstjórnin leggur enn fremur áherslu á verkefni sem hafa að markmiði að útrýma kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum. Kynbundið ofbeldi er lýðheilsuvandamál en afleiðingar þess fyrir hvert samfélag eru efnahagslegar, pólitískar, félags- og heilsufarslegar. Til að ná árangri í að uppræta kynbundið ofbeldi er nauðsynlegt að ólíkar fagstéttir vinni saman, að vandinn sé greindur á fyrstu stigum og því nauðsynlegt að stjórnvöld hverju sinni vinni samkvæmt nákvæmum aðgerðaáætlunum.

Á gildistíma áætlunarinnar verði unnið að framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í samstarfsyfirlýsingu félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Samstarfið er liður í áætlunum gegn kynbundnu ofbeldi og er ætlað að ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánnum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis sem og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum með aðgerðaáætlun til fjögurra ára. Síðast-

liðin ár hefur fjöldi verkefna verið unninn á vettvangi stjórnvalda en viðvarandi verkefni er að stuðla að bættum vinnubrögðum og viðhorfsbreytingu innan og utan kerfis.

Að lokum ber að nefna alþjóðlegar skyldur Íslendinga á sviði jafnréttismála. Stjórnvöldum ber að styðja jafnréttisbaráttu fátækra þjóða, ekki síst þeirra sem búa á ófriðarsvæðum. Jafnréttisskóli Sameinuðu þjóðanna, sem starfræktur er við Háskóla Íslands, er dæmi um verkefni sem nýtist nemendum sem koma frá fjarlægum löndum og veitir þeim sem koma að námi og kennslu tækifæri til að auka skilning sinn og þekkingu á aðstæðum kvenna og karla og uppbyggingu samfélaga í kjölfar átaka.

Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum og valfrjálsa bókun hans og hefur hvatt önnur ríki til að framfylgja ákvæðum hans að fullu. Árið 2014 skiluðu íslensk stjórnvöld í einu lagi sjöundu og áttundu skýrslu sinni um framkvæmd samningsins til kvennaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og vorið 2016 fór fram fyrirtaka Íslands á grundvelli samningsins. Utanríkisráðuneytið á gott samstarf við landsnefnd *UN Women* á Íslandi og árið 2014 undirritaði fulltrúi Stjórnarráðs Íslands yfirlýsingu um að fylgja Jafnréttissáttmála stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Í framkvæmdaáætluninni er kveðið á um sérstakt samstarfsverkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins um að lögð verði áhersla á að rödd kvenna heyrist í loftslagsmálum og að ákvæði sem stuðli að samþættingu jafnréttis-sjónarmiða séu tekin inn í alþjóðlega samninga sem varða umhverfis- og loftslagsmál. Íslendingar munu halda áfram að styðja jafnréttisbaráttu á alþjóðavettvangi með margvíslegum hætti, ekki síst með því að vera framsækin þjóð og til fyrirmyndar í hvívetna á sviði jafnréttismála og með því að standa vörð um mannréttindi og framþróun í heiminum.

Athugasemdir við einstaka kafla tillögunnar.

A. STJÓRNSÝSLAN

Í tilefni af aldarafmæli kosningarréttar íslenskra kvenna árið 2015 samþykkti Alþingi 19. júní 2015 þingsályktun um stofnun Jafnréttissjóðs Íslands. Markmið sjóðsins er að fjármagna eða styrkja verkefni sem eru til þess fallin að efla jafnrétti kynjanna í íslensku samfélagi. Jafnréttissjóður Íslands nýtur framlaga af fjárlögum í fimm ár, 100 millj. kr. á ári, frá ársbyrjun 2016 til ársloka 2020. Jafnréttissjóður Íslands kemur tímabundið í stað Jafnréttissjóðs sem starfaði samkvæmt reglum um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs, nr. 513/2006. Niðurstöður verkefna og rannsókna sem styrkt eru úr Jafnréttissjóði Íslands verða gerðar aðgengilegar á vefsvæði Stjórnarráðsins í þeim tilgangi að verkefnið nýtist sem best til framfara á sviði jafnréttismála.

Samkvæmt lögum nr. 10/2008 ber stjórnvöldum að setja upp kynjagleraugun og samþætta kynjasjónarmið inn í alla stefnumörkun, áætlanagerð og ákvarðanatöku. Samþætting felur í sér að spyrja hvernig ákvarðanir og áætlanir snerta hvort kyn um sig, hverjir njóta gæða samfélagsins, hvernig og hvers vegna. Eftir að ný jafnréttislög voru samþykkt árið 2008 hefur hlutur kvenna í stjórnnum og ráðum sem skipuð eru af stjórnvöldum aukist verulega enda kveður 15. gr. jafnréttislaga á um að jafna skuli stöðu kynjanna og að hlutur hvors kyns um sig sé ekki minni en 40% í stjórnnum, ráðum og nefndum sem hafa þrjá fulltrúa eða fleiri. Brýnt er að öll ráðuneyti setji sér jafnréttisáætlanir, starf jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verði nánar skilgreint og þeim gert kleift að sinna starfi sínu í samræmi við lög.

Framkvæmdasjóður jafnréttismála mun starfa í velferðarráðuneytinu og hefur ríkisstjórnin samþykkt að varið verði 30 millj. kr. samtals af fjárlögum tímabundið til þriggja ára, 2017–2019, eða 10 millj. kr. árlega, til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta. Ætlunin er að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu, eða innleiða tillögur sem telja má afrakstur af verk-

efnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Velferðarráðuneytið mun fara með úthlutun þessarar fjárveitingar. Viðmið um þær verða kynntar ráðuneytum fyrir árslok 2016.

Hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna er skilgreint í 13. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisfulltrúar skulu fá tækifæri til að afla sér sérþekkingar á sviði jafnréttismála með því að sækja námskeið, fyrirlestra og endurmenntun. Þeir starfa í samræmi við starfsreglur og jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins og í samstarfi við Jafnréttisstofu. Í samræmi við a-lið 1. gr. og 17. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna, í samstarfi við Jafnréttisstofu og undir forystu velferðarráðuneytisins, móta heildstæða áætlun til fjögurra ára um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins. Skipa skal formlega verkefnisstjórn um verkefnið sem gert verði kleift að ráða sér starfsmann. Fyrirmynd verkefnisins er innleiðing kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar og vinnur verkefnisstjórn hennar nú að innleiðingaráætlun fyrir öll ráðuneytin til næstu fimm ára.

Félags- og húsnæðismálaráðherra fer með framkvæmd laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með síðari breytingum, sbr. einnig 9. tölul. 8. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, frá 24. maí 2013. Jafnréttisstofa annast framkvæmd jafnréttismála í umboði félags- og húsnæðismálaráðherra og Jafnréttisráð er ráðherra til ráðgjafar. Ráðuneytið hefur jafnframt reglulegt samráð við önnur ráðuneyti um verkefni á sviði kynjajafnréttis, svo sem forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, utanríkisráðuneytið, innanríkisráðuneytið og mennta- og menningamálaráðuneytið. Í framkvæmdaáætluninni er lagt til að skipaður verði starfshópur sérfræðinga sem stýri úttekt á þróun, framkvæmd og eftirfylgni íslenskrar lög-gjafar og stjórnsýslu jafnréttismála. Mikilvægt þykir að kanna hvort markmið núgildandi laga og stjórnsýsla jafnréttismála sé í samræmi við alþjóðalega þróun og breytingar í íslensku samfélagi eða hvort tímabært þyki að leggja til breytingar á gildandi löggjöf.

B. VINNUMARKAÐUR – LAUNAJAFNRÉTTI KYNJA

Mikil umræða hefur verið um jafnrétti kvenna og karla og kynbundinn launamun í íslensku samfélagi. Launajafnrétti hefur verið eitt helsta baráttumálið þegar kemur að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og allir stjórnmalaflokkar eru sammála um að aðgerðir til að vinna gegn kynbundnum launamun séu meðal brýnustu verkefna jafnréttismála. Niðurstöður rannsókna benda til þess að ekki hafi tekist að uppræta kynbundinn launamun þrátt fyrir að mikilvæg skref hafi verið stigin í þeim efnum á undanförunum misserum. Í maí 2015 kynnti aðgerðahópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðar niðurstöður tveggja rannsóknarverkefna sem unnin voru á vegum hópsins. Annars vegar var um að ræða fyrstu rannsóknina á kynbundnum launamun sem tekur til vinnumarkaðarins í heild. Hins vegar viðamikla rannsóknarskýrslu um stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Rannsóknin á kynbundnum launamun var unnin af Hagstofu Íslands og byggist hún á miklum gagnagrunni um laun og margvíslega þætti um stöðu launamanna og tekur til árána 2008–2013.

Gögnin sýna að fleiri konur en karlar eru með háskólapróf en karlar hafa mannaforráð í meira mæli. Jafnframt sýna gögnin að óleiðréttur launamunur er aldursbundinn, mestur hjá eldri aldurshópum. Með tölfræðilegum aðferðum er metið hvaða áhrif einstaka þættir, svo sem kyn, menntun, aldur, starfsaldur og atvinnu- og starfsgrein, hafa á laun. Þannig er hægt að meta hversu mikil áhrif breytan kyn hefur þegar tekið hefur verið tillit til allra annarra þátta. Þegar horft er til alls gagnatímabilsins kemur í ljós að þannig metinn kynbundinn launamunur er 7,6% á vinnumarkaðnum í heild, meiri á almennum vinnumarkaði (7,8%) en

á opinberum vinnumarkaði (7,0%). Í skýrslunni er einnig leitast við að skýra launamyndun hjá körlum annars vegar og konum hins vegar. Sú greining gerir kleift að skipta launamuninum milli skýrðs og óskýrðs hluta þar sem síðari hlutinn felur í sér mat á kynbundnum launamun. Niðurstöður þeirrar greiningar eru þær að óskýrður launamunur er metinn 5,6% fyrir árin 2008–2013 en 5% árin 2011–2013. Þessi greining leiðir einnig í ljós að launamun má að verulegu leyti rekja til kynjaskiptingar starfa á vinnumarkaði. Á þetta við um lóðréttu skiptingu (eftir starfsstéttum) og lárétta skiptingu vinnumarkaðar (eftir atvinnugreinum).

Í rannsóknarskýrslunni *Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði* var leitast við að kortleggja stöðu kynjanna á íslenskum vinnumarkaði og setja hina mörgu þætti sem staða kynjanna ræðst af í samhengi. Í skýrslunni kemur fram að lagalegt jafnrétti sé mikið hér á landi en þó sýna kannanir og rannsóknir fram á viðvarandi kynbundinn launamun sem er undantekningarlaust konum í óhag og skilar sér m.a. í lægri lífeyrisgreiðslum til kvenna. Rannsóknarskýrslan staðfestir að enn er staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði, þrátt fyrir miklar framfarir, ólík. Samfélagið nýtir í vaxandi mæli mannauð kvenna í stjórnunarstörfum þótt enn séu hindranir á vegi þeirra. Konur eru, eins og áður sagði, líklegri til að vinna hlutastörf og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Einnig kemur fram í skýrslunni að vinnuveitendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna. Í umfjöllun um ráðningar og starfsþróunarmál kemur í ljós að kynbundið misrétti á sér stað og að körlum eru oftast boðin hærri laun en konum. Þá eru konur líklegri til að taka fyrsta launatilboði sem býðst á meðan karlar gera frekar gagntilboð um hærri laun. Launamunar getur því myndast strax í ráðningarferlinu. Meðal tillagna skýrsluhöfunda er að stjórnvöld þurfi að brúa hið svokallaða umönnunartímabil milli fæðingarorlofs og leikskóla. Bilið er í dag að miklu leyti brúað með því að móðirin er lengur í fæðingarorlofi og aðlagar vinnumarkaðsþátttöku sína að þörfum fjölskyldunnar. Þá benda skýrsluhöfundar á þá staðreynd að ábyrgðin á auknu jafnrétti á vinnumarkaði liggja ekki síður hjá stjórnendum stofnana og fyrirtækja en hjá starfsfólki. Atvinnurekendur verði að hvetja karla til að taka fæðingarorlof og veita bæði körlum og konum sveigjanleika vegna fjölskyldu-ábyrgðar.

Meðal verkefna framkvæmdanefndar stjórnvalda á sviði launajafnréttismála og aðgerðahóps stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðar var að vinna að samræmingu launarannsóknna, innleiðingu jafnlaunastaðals og aðgerðum gegn launamisrétti. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar leggur til að áfram verði unnið að framkvæmd og eftirfylgni þeirra verkefna sem tilgreind eru í aðgerðaáætlun um launajafnrétti kynja. Framkvæmdanefnd um launajafnrétti verði skipuð fulltrúum fimm ráðuneyta og með nefndinni starfi starfsmaður Jafnréttisstofu. Framkvæmdanefnd hafi með höndum yfirumsjón og samhæfingu aðgerða Stjórnarráðsins til að draga úr launamun kynja á íslenskum vinnumarkaði.

Mikilvægt er að hefja endurreisn fæðingarorlofskerfisins þannig að unnt verði að tryggja að markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof, um að tryggja barni samvistir við báða forelda sína og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, verði sem best náð. Í því skyni skipaði félags- og húsnæðismálaráðherra starfshóp um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum í desember 2014 og lauk hann störfum í mars 2016. Starfshópurinn var sammála um að það skuli vera meginmarkmið að báðir foreldrar nýti að fullu rétt sinn til fæðingarorlofs til að vera með börnum sínum, að foreldrar nýti sameiginlegan rétt sinn að jöfnu, að dregið verði úr tekjumissi foreldra meðan á orlofi stendur og að fæðingarorlofskerfið sé til þess fallið að jafna stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði. Tillögurnar lúta að hærri hámarkgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og hærri tekju-tryggingu fyrir þá sem hafa lægri en 300 þús. kr. í mánaðartekjur en einnig er fjallað um

lengingu orlofsins og skiptingu þess milli foreldra. Loks er lagt til að bil milli fæðingarorlofs og leikskólavistar verði brúað.

Markmið Svanna – lánatryggingasjóðs kvenna er að styðja nýsköpun í atvinnurekstri kvenna með því að veita ábyrgðir á lánunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við fjármála- stofnanir og aðila sem veita ráðgjöf og handleiðslu við framkvæmd verkefna. Sjóðurinn hefur nú starfað í fjögur ár og veitt 16 lánatryggingar. Stjórn sjóðsins hefur unnið að endurskoðun hans og mun leggja til við eigendur áframhaldandi starfsemi hans til næstu fjögurra ára.

C. KYN OG LÝÐRÆÐI

Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki í lýðræðissamfélagi og mikilvægt er að tryggja aðgengi allra að opinberri umræðu. Áratugum saman var birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum sú að þær voru sýndar sem neytendur heimilisvarnings eða fylgihlutir karla. Fáar sögur voru sagðar af konum og ekkert viðtal var tekið við konu fyrstu fimm ár íslenskrar sjónvarpsfréttasögu. Lengi vel störfuðu konur ekki við fjölmiðla. Við lestur dagblaða fyrri tíma má glöggst greina kynjaskekkju en fréttir af körlum eru þar í miklum meiri hluta. Samkvæmt upplýsingum frá Fjölmiðlanefnd voru konur árið 1986 13% viðmælenda í sjónvarpsfréttum og áratug síðar voru þær með 32% sýnileika í öllum fjölmiðlum samkvæmt skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Samkvæmt viðmælendakönnun Creditinfo á tímabilinu febrúar 2009 til ágúst 2013, sem unnin var fyrir Félag kvenna í atvinnulífinu, eru konur oftast viðmælendur í þáttum þar sem þjóðfélagsumræða fer fram heldur en í fréttum. Hluttur þeirra í þáttum var 30–35% en í fréttum 26–28%. Karlkyns viðmælendur eru því að meðaltali tvöfalt fleiri en kvenkyns í spjallþáttum ljósvakamiðlanna á sama tímabili og af viðmælendum í ljósvakafréttum eru að meðaltali um það bil þrefalt fleiri karlar. Samkvæmt sambærilegri viðmælendagreiningu sem gerð var fyrir velferðarráðuneytið fyrir tímabilið september 2014 til september 2015 hefur sýnileiki kvenna litið sem ekkert breyst á árabílinu 2001–2015. Karlar eru 70% viðmælenda og konur 30% í fréttum RÚV og 365 miðla á tímabilinu september 2014 til september 2015.

Miðað við hlutverk fjölmiðla og vald þeirra er ljóst að með því að breyta bæði birtingarmynd kynjanna og ekki síst samsetningu vinnuafls á fréttastofum og miðlum geti þeir gegnt lykilhlutverki við það að breyta staðalmyndum og valdaójafnvægi, uppræta hatursorðræðu og spegla samfélagið á réttlátari og betri hátt, ekki einungis með tilliti til vægis karla og kvenna heldur einnig minnihlutahópa almennt í íslensku samfélagi. Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar er lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytið beiti sér fyrir framkvæmd könnunar á aðgengi og birtingarmyndum kvenna og karla, stúlkna og drengja í fjölmiðlum og vinni að stefnumótun og vitundarvakningu fjölmiðla á þessu sviði.

Flóttamenn og hælisleitendur eru sundurleitir hópur með það eitt sameiginlegt að vera á flóttu frá ofsóknum eða erfiðum aðstæðum í upprunalöndum sínum. Þeir koma úr ólíku umhverfi á mismunandi forsendum og búa yfir ólíkri reynslu. Margir hafa sætt mismunun, t.d. vegna félagslegra og efnahagslegra þátta. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að hælisleitendur og flóttamenn geta upplifað margvísleg vandamál og misrétti í því landi þar sem þeir óska eftir vernd. Þá geta þarfir verið mismunandi milli hópa og einstaklinga, t.d. kvenna og karla. Ekki hefur verið framkvæmd heildarrannsókn hér á landi varðandi áhrif kyns í hælís- og flóttamannamálum og er í framkvæmdaáætluninni lagt til að innanríkisráðuneytið beri ábyrgð á framkvæmd rannsóknar um stöðu hælisleitenda og flóttamanna út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum.

D. KYNBUNDIÐ OFBELDI OG OFBELDI Í NÁNUM SAMBÖNDUM

Hinn 18. desember 2014 skrifuðu félags- og húsnæðismálaráðherra, innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra undir samstarfsyfirlýsingu gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og niðurbrjótandi áhrifum þess, auka skyldi fræðslu og forvarnastarf um ofbeldi, bæta samvinnu og verklag við að draga úr ofbeldi og styrkja samstarf við rannsókn ofbeldismála. Ráðherrarnir voru sammála um að efna til samráðs á landsvísi milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfisins, lögreglu og ákærvalds undir forystu ráðuneytanna þriggja. Á vettvangi landssamráðsins verði undirbúin aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í íslensku samfélagi og er nú verið að vinna að henni í velferðarráðuneytinu.

Samstarfinu er einkum ætlað að ná til ofbeldis gegn börnum, ofbeldis í nánnum samböndum, kynferðislegs, andlegs og líkamlegs ofbeldis sem og ofbeldis gagnvart fötluðu fólki og öðrum berskjölduðum hópum. Til ofbeldis sem yfirlýsing þessi tekur til telst einnig hatursfull orðræða sem hvetur til ofbeldis eða annarrar refsiverðrar háttsemi sem er lítil-lækkandi eða ógnandi í garð einstaklinga eða hópa fólks, svo sem vegna þjóðernis, kynþáttar, trúar, fötlunar, kynheigðar eða kyns. Meðal annarra verður eftirtöldum aðilum boðið til samráðs um þessi mál: Barnahúsi, Barnaverndarstofu, Fjölmeningarsetri, réttindavakt velferðarráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, umboðsmanni barna og Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Enn fremur verður leitað til frjálsra félagasamtaka sem koma að velferð þessara hópa.

Lögð verður áhersla á að bæta verklag og samvinnu allra sem tekið geta þátt í að draga úr ofbeldi, m.a. með því að auka forvarnir og fræðslu meðal barna, fólks sem vinnur með börnum, hjá réttarvörslukerfinu og meðal almennings. Efla á getu og hæfni lögreglu við uppljóstrun ofbeldisbrota svo tryggja megi skjótan og öruggan framgang mála og auka þjálfun og menntun innan réttarvörslukerfisins til að taka á ofbeldismálum. Efla skal getu og hæfni velferðarþjónustunnar til að veita þolendum ofbeldis uppbyggilegan stuðning og vernd. Styrkja skal samstarf lögreglu, mennta- og barnaverndaryfirvalda og félagsþjónustu við rannsókn mála, aðstoða gerendur ofbeldis við að horfast í augu við vanda sinn og takast á við hann svo draga megi úr ofbeldi í samfélaginu. Ráðherrarnir leggja einnig áherslu á að koma á svæðisbundnu samráði, sem m.a. er ætlað að bæta verklag við fyrirbyggjandi aðgerðir og rannsóknir ofbeldismála með sérstakri áherslu á ofbeldi gegn börnum og fötluðu fólki. Að samstarfinu komi félagsþjónusta, skólastjórnendur, sérfræðiþjónusta sveitarfélaga, barnaverndaryfirvöld, lögreglustjórar og eftir atvikum réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Stýrihópur með fulltrúum ráðuneytanna þriggja hóf störf í haust til að vinna að framgangi yfirlýsingarinnar. Hefur vinna hópsins fram til þessa snúist um verklag og vinnuáætlun, yfirlit og flokkun verkefna í hverju ráðuneyti og skörun verkefna innan Stjórnarráðsins, undirbúning og skipulag landssamráðs. Þá hefur hópurinn látið vinna samantekt á helstu alþjóðasáttmálum og yfirlýsingum á umræddu sviði.

Í mars 2015 ákvað félags- og húsnæðismálaráðherra að veita tveggja milljóna króna viðbótarframlag til meðferðarúrræðisins *Karlar til ábyrgðar* svo unnt væri að veita fleiri einstaklingum meðferð. Aðsókn í úrræðið hefur aukist jafnt og þétt frá því að það hófst að nýju árið 2006. Nýleg úttekt á úrræðinu hefur sýnt fram á marktækan árangur meðferðarinnar. Karlar til ábyrgðar hófst sem sérhæft meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum en hefur nú verið útvíkkað þannig að það standi konum einnig til boða og ber nú heitið *Heimilisfriður*. Markmiðið er að bjóða upp á sérhæfða þjónustu fyrir konur og karla sem beitt hafa ofbeldi í nánnum samböndum og tryggja sem besta nýtingu fjármagns til

verkefnisins. Meðferðin felst í einstaklingsviðtölum og hópmeðferð hjá sálfræðingum og miðar að því að fá gerendur ofbeldis til að viðurkenna ábyrgð og breyta hegðun sinni. Verkefnið er staðsett hjá velferðarráðuneytinu.

E. JAFNRÉTTI Í SKÓLASTARFI

Í 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla segir m.a. að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál og að kennslu- og námsgögn skuli vera þannig gerð að þau mismuni ekki kynjunum. Hugmyndir um jafnrétti kynja mótast á unga aldri og eru áhrifavaldar margir. Skólinn er stofnun sem getur veitt börnum og unglingum aðstoð við greiningu á valdakerfum og viðteknum hugmyndum samfélagsins. Með áherslu á samfélag jafnaðar, jafnréttis og réttlætis í menntamálum er stefnt að því að inntak kennslu, kennsluhættir og námsumhverfi stuðli að markmiðum jafnréttismenntunar. Jafnréttisráðgjafi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu veitir upplýsingar, aðstoð og eftirfylgni. Áhersla verður lögð á verkefni sem veita öllum jöfn tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína í námi, listsköpun, íþróttum og öðrum áhugamálum. Jafnframt er stefnt að því að skapa rannsóknarumhverfi sem fellur jafnt að kvenlægu sem karllægu gildismati. Íslendingar sækja íþrótt- og aðra menningarviðburði vel og nota gjarnan frítíma sinn til listrænnar sköpunar og vinnu við menningarstarfsemi. Munur er hins vegar á menningarneyslu kynja og verður leitast við að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir konur og karla.

F. KARLAR OG JAFNRÉTTI

Starfshópur þáverandi velferðarráðherra um karla og jafnrétti skilaði skýrslu í apríl 2013 með fimmtán tillögum um leiðir til að auka þátttöku karla í umræðu um jafnréttismál. Í vinnu starfshópsins var leitast við að finna jafnvægi á milli ólíkra viðhorfa til hlutverks karla í umræðum um jafnréttismál og tók skipun starfshópsins mið af því að skapa grundvöll umræðu aðila með ólíkan bakgrunn og reynslu á sviðinu. Til að takast á við svo vítt svið sem jafnréttismál eru kaus starfshópurinn að afmarka umfjöllunarefni sitt við fimm áherslusvið. Slík afmörkun var talin auðveldla framsetningu og gefa umræðum innan hópsins skýrari ramma. Skýrslunni, ásamt tillögum til velferðarráðherra, er því skipt í eftirfarandi kafla: Karlar og ofbeldi – kynbundið ofbeldi; Karlar og umönnunarstefna – fæðingarorlof og forsjá barna; Karlar, heilsa og lífsgæði; Karlar, klám og vændiskaup; Karlar, menntun og kynskiptur vinnumarkaður.

Í tillögunum bendir starfshópurinn á nauðsyn þess að efla rannsóknir á ýmsum sviðum jafnréttismála. Sérstaklega telur starfshópurinn að rannsóknir á vændi þurfi að stórefla þar sem varpa þurfi ljósi á karla sem vændiskaupendur. Efla þarf rannsóknir á ofbeldismenningu og þætti karla í henni, bæði hvað varðar ofbeldi í nánnum samböndum en ekki síður ofbeldi karla almennt.

Starfshópurinn telur að rannsaka þurfi efnahags- og félagslega stöðu meðlagsgreiðenda sem í flestum tilfellum eru karlar. Þá telur starfshópurinn að kanna verði þörf námskeiðs fyrir foreldra um afleiðingar skilnaðar á börn sem hefðu það að markmiði að milda neikvæð áhrif skilnaða og styrkja markmið um jöfnun foreldraábyrgðar. Starfshópurinn leggur til að báðir foreldrar verði skyldugir til að taka fæðingarorlof fyrstu tvær vikur eftir fæðingu barns. Þá er mælt til að gert verði átak til þess að efla hlut karla í umönnunarstörfum, sérstaklega innan starfsgreina á borð við hjúkrun og leikskóla. Í framkvæmdaáætluninni er lagt til að tillögum nefndarinnar verði hrint í framkvæmd. Skipaður verði sérstakur aðgerðahópur um verkefnið og ráðinn sérfræðingur til að vinna með hópnum.

Í janúar 2015 stóð Ísland ásamt Súrínam fyrir svonefndri rakarastofuráðstefnu (e. Barbershop Conference) í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York þar sem sjónum var beint að hlutverki karla í jafnréttisbaráttunni. Þátttakendur voru á fimmta hundraðið, þar á meðal stjórnáráðgjafi, fastafulltrúar aðildarríkja og aðrir diplómatar og starfsmenn Sameinuðu þjóðanna, sérfræðingar og fulltrúar félagasamtaka. Var ráðstefnan haldin í samhengi við 20 ára afmæli aðgerðaáætlunarinnar sem samþykkt var á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking og jafnframt sem framlag til *HeForShe*-herferðar *UN Women*. Markmiðið með ráðstefnunni var að virkja karla og drengi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og stuðla að umræðu um samskipti kynjanna og kynhlutverk. Sérstök áhersla var lögð á það brot á mannréttindum sem útbreiddast er í heiminum, ofbeldi gegn konum, en það er eitt af tólf áherslusviðum Peking-aðgerðaáætlunarinnar. Utanríkisráðuneytið hefur einnig staðið fyrir rakarastofuráðstefnum já Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf og hjá Atlantshafsbandalaginu (NATO) í Brussel og er markmiðið að halda slíkar ráðstefnur í öllum helstu alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að, en ráðuneytið mun jafnframt hvetja karla til að taka undir markmið *HeForShe*-herferðar *UN Women* í samræmi við skuldbindingar Íslands í *IMPACT*-átaki *UN Women*. Markmið verkefnisins er að einn af hverjum fimm karlmönnum á Íslandi gangi til liðs við átakið fyrir árslok 2016 og verður herferð landsnefndar *UN Women* studd til að ná megi því markmiði.

Sigurður Ingi Jóhannsson forsætisráðherra er einn tíu þjóðarleiðtoga sem leiða nýtt verkefni *HeForShe*, svokallað *IMPACT 10x10x10*. Leiðtogarnir tíu munu takast á hendur mikilvægar skuldbindingar til að ná jafnrétti bæði innan lands og á heimsvísu. Skuldbindingarnar eru unnar í samstarfi við *UN Women*, jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna.

IMPACT 10x10x10 verkefnið var fyrst kynnt í janúar á *World Economic Forum* í Davos í Sviss. Það leiðir saman leiðtoga tíu þjóða, tíu fyrirtækja og tíu menntastofnana um allan heim. Allir þrjátíu leiðtogarnir hafa skuldbundið sig til að takast á við mismunandi þætti kynjamisréttis en skuldbindingar Íslands snúa m.a. að því að útrýma launamun á Íslandi fyrir 2022, jafna hlut kynjanna í fjölmiðlum fyrir 2020 og fá fleiri karla til liðs við jafnréttisbaráttuna bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Hópurinn mun svo vinna saman til að nýta reynsluna af framkvæmd verkefnanna til að hvetja aðra leiðtoga til að taka upp sömu mál-efni í sínum ríkjum, fyrirtækjum og háskólum.

G. ALÞJÓÐASTARF

Verkefnið *Staða jafnréttismála á norðurslóðum* verði unnið á vettvangi vinnuhóps Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun sem var hluti af formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014. Takmörkuð þátttaka kvenna er á sviði vísinda, viðskipta og stjórnsýslu á norðurslóðum og konur kjósa frekar að flytja frá jaðarsvæðum norðurslóða sem má að einhverju leyti rekja til þess að atvinnutækifæri á svæðinu virðast höfða meira til karla. Verkefnið mun fylgja eftir alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í október 2014 á vegum utanríkisráðuneytisins í samvinnu við Jafnréttisstofu, norðurslóðanet Íslands og samstarfsríki innan Norðurskautsráðsins um stöðu kynjanna á norðurslóðum og ólíka aðkomu þeirra að stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum er varða samfélags- og hagþróun. Tilgangur ráðstefnunnar var að fylgja eftir stefnu Íslands í málefnum norðurslóða og efla þátttöku og rödd kvenna í umræðu og ákvarðanatöku um málefnið.

Þátttakendur voru um 120 frá níu löndum á norðurhveli jarðar. Tilgangurinn með ráðstefnunni var að stuðla að viðtækri, markvissri umræðu um jafnréttismál samtímans. Einnig að beina sjónum að áskorunum sem framtíðin kann að bera í skauti sér með tilliti til þeirra loftslags- og umhverfisbreytinga sem eru að verða og í samhengi við efnahags- og félagslega

þróun ríkja og samfélaga á norðurslóðum. Utanríkisráðherra Íslands flutti opunarávarp á ráðstefnunni og Tarja Halonen, fyrrverandi forseti Finnlands, var meðal þátttakenda. Sérstök ráðstefnuskýrsla var gefin út í apríl 2015 þar sem gerð var grein fyrir efni og niðurstöðum ráðstefnunnar. Einnig er stefnt að stofnun alþjóðlegs samstarfsnets um jafnréttismál og norðurslóðir og uppsetningu vefgáttar til að tengja saman ólíka hagsmunaaðila.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og utanríkisráðuneytið, fyrir hönd Íslands, lögðu áherslu á kynjasjónarmið í samningaviðræðunum um nýtt alþjóðlegt samkomulag sem samþykkt var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í desember 2015. Í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál hefur Ísland haldið uppi sjónarmiðum kynjajafnréttis og aukinnar þátttöku kvenna í ákvarðanatöku og aðgerðum og náðst þar þónokkur árangur. Sem dæmi má nefna að á 18. ríkjaráðstefnu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Doha í Katar í árslok 2012, var í fyrsta skipti haldinn þemadagur tileinkaður jafnréttismálum. Á ráðstefnunni var samþykkt sérstök ákvörðun um jafnréttismál sem m.a. fjallar um bætt kynjahlutföll í stofnunum samningsins og eru jafnréttismál gerð að föstum dagskrárlið innan samningsins í framtíðinni. Evrópusambandið lagði fram drög að ákvörðuninni, ekki síst að frumkvæði *Mary Robinson Foundation*, en Ísland tók mikinn þátt í ferlinu. Á ráðstefnunni í Doha hélt Ísland vel heppnaðan hliðarviðburð í samvinnu við Noreg, Danmörku og Úganda um þróunarsamvinnuverkefni í Úganda sem snýst um að kynjasambætta vinnu stjórnvalda varðandi loftslagsmál. Verkefnið beinist fyrst og fremst að því að koma jafnréttissjónarmiðum inn í aðgerðir til að vinna gegn loftslagsbreytingum sem og aðgerðum til að aðlagast loftslagsbreytingum og auka færni og þekkingu fólks til að vinna að verkefnum á sviði jafnréttis og loftslagsbreytinga. Efnt hefur verið til ráðstefna í Úganda, gerð heimildar- kvikmynd og gefið út fræðsluefni.

Þróunarsamvinnuverkefni Íslands tengd loftslagsmálum taka mið af kynjasjónarmiðum eins og öll þróunarsamvinna Íslands. Þrjú verkefni fjalla beinlínis um þau. Ísland, í samvinnu við Noreg og Danmörku, heldur úti áður nefndu verkefni um kyn og loftslagsmál í Úganda og styrkir annað verkefni ásamt FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga á fiskveiðisamfélög í tilteknum Afríkulöndum auk þess að styrkja verkefnið *Women's Delegate Fund*. Síðastnefnda verkefnið snýr að því að styrkja konur frá fátækustu þróunarríkjunum til þess að taka þátt fyrir hönd sinna ríkja í loftslagsviðræðunum. Þær fá hjálfun í samningaviðræðum og beita sér mikið í jafnréttismálum á vettvangi loftslagssamningsins svo segja má að verkefnið hafi tvöföld jákvæð áhrif út frá markmiðum Íslands. Íslenska sendinefndin hefur átt gott samstarf við þessar konur, auk mikils samstarfs við *UN Women* og óháð félagasamtök sem vinna að jafnréttismálum innan loftslagssamningsins.

Fylgiskjal.

Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2013–2015.

www.althingi.is/alttext/pdf/145/fylgiskjol/r0001-f_I.pdf